

Þór Magnússon þjóðminjavörður og hluti munanna á sýningunni. Á borðinu eru ýmsir hlutir, sem eiga það sameiginlegt að hafa það fram yfir notagildið, að vera fagurlega skreyttir. Á þeim tíma, sem Sigurður málari safnaði gömlum gripum var lítið sótzt eftir öðru en því, sem eitthvað hafði verið í borið.

Sýning á verkum og safngripum Sigurðar málara

SÝNING á verkum Sigurðar Guðmundssonar málara, minjum um hann og gripum, sem hann safnaði, var opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins í gær.

Í fyrra var 100 ára ártíð Sigurðar málara og er sýningin haldin í tilefni hennar. Í Þjóðminjasafninu er mikið af ýmiss konar gripum, sem Sigurður safnaði á sinni tíð, en hann lagði fyrstur manna grundvöll að forngripasafni hér á landi.

Á sýningunni er m.a. sýnishorn uppdrátta og vinnuskjala Sigurðar málara, en hann gerði t.d. teikningu að „sund-dokk", uppdrátt af útivistarsvæði við Elliðaárnar og teiknaði Skólavörðuna.

Þá getur að líta safn bóka hans og handrita, myndir eftir hann og uppdrætti af búningum á sýningunni.

Meðal merkilegra gripa, sem Sigurður safnaði, er á sýningunni smeltur kross frá upphafi 13. aldar. Þar er um að ræða franska smíð og hefur krossinn verið hér í kirkju. Þarna er einnig gamall prédikunarstóll, en Þór Magnússon þjóðminjavörður sagði, að Sigurður Guðmundsson hefði ekki lagt mikil kapp á að ná í kirkjumuni. Á sýningunni er mikið af útskornum munum, ýmist húsgögnum eða hlutum úr húsgögnum og innréttingum, m.a. hluti úr rúmi, þar sem Þórhallur Bjarnason biskup mun fyrst hafa séð dagsins ljós, og þýzkur, útskorinn skápur, sem hefur verið í eigu Staðarhóls-Páls.

Sýningin verður næsta hálfa mánuð á þeim tíma, sem safnið er opið á, nema á laugardögum og sunnudögum, en þá er opið til 6.

Tveir harðir árekstrar

TVEIR mjög harðir árekstrar urðu í Reykjavík og nágrenni á fimmtudaginn. Í báðum tilfellunum urðu mjög miklar skemmdir á ökutækjum en slys ekki teljandi, utan að kona mjaðmargrindarbrotnaði.

Fyrri áreksturinn varð við Rauðavatn um klukkan 18. Slysið vildi til með þeim hætti, að leigubíll ók í áttina til Reykjavíkur og skammt á eftir honum kom stór ameríkur fólksbíll. Leigubifreiðin ætlaði að beygja inn á afleggjara rétt austan við vatnið og hægði því á sér. Fólksbíllinn ætlaði að smeygja sér framhjá en rann mjög snögglega til og lenti afturendi bifreiðarinnar á Hverageröisrútunni sem kom á móti, á leið til Hverageröis. Varð áreksturinn gífurlega harður og má segja, að afturhluti fólksbílsins hafi hreinlega fokið út í buskann. Þannig lágu benzíntankur og fleiri hlutar úr bílnum úti á Rauðavatni í 50—60 metra fjarlægð frá þeim stað sem áreksturinn varð. Einnig urðu miklar skemmdir á rútunni. Tveir menn voru í bílnum og skárust þeir töluvert í andliti en sluppu að öðru leyti merkilega vel út úr þessum mikla árekstri.

Á fimmtudagskvöldið kl. 21 varð mjög harður árekstur á mótum Grensásvegar og Fellsmúla. Bifreið sem ók norður Grensásveg beygði til vinstri inn á Fellsmúla, í veg fyrir bíl sem ók suður Grensásveg. Varð áreksturinn mjög harður. Þrennt var flutt á slysadeildina. Maður og kona sluppu án teljandi meiðsla en kona hlaut mjaðmargrindarbrot. Bílarnir eru mikið skemmdir.

Tvö umferðarslys á Akureyri

Akureyri 14. marz.

TVÖ umferðarslys urðu á götum Akureyrar í dag. Hið fyrra varð á Höfðahlíð rétt um hádegisbil. Þar varð 11 ára stúlka fyrir bíl og hlaut áverka á höfði, en var ekki talin alvarlega meidd.

Þá varð fimmtán ára piltur á vélhjóli fyrir bíl á Hjalteyrargötu um kl. 17.20. Pilturinn hlaut opið fótbrot og er ef til vill eitthvað meira meiddur.

Sv.P.

Sjötugsafmæli

Sjötug verður í dag frú Jóhanna Erlendsdóttir, Akri. Hún tekur á móti gestum í dag, eftir klukkan 3, að heimili dóttur sinnar að Drápuhlíð 33.

Sýning á verkum Guðmundar frá Miðdal

SÝNING á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær. Sýnd eru alls 133 verk, olíumyndir, vatnslitamyndir, eirstungur, teikningar, höggmyndir og leirmunir.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var fæddur árið 1895 og lézt árið 1963. Hann hóf myndlistarnám hjá Stefáni Eiríkssyni árið 1911. Hann stundaði nám í Konunglega fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn og var við Listaakademíuna í München 1921—1925. Guðmundur lagði jafna stund á málaralist, höggmyndagerð og eirstungu.

Guðmundur var brautryðjandi í leirmunagerð hér á landi og notaði íslenzkt efni við þá iðju. Listvinahúsið stofnaði Guðmundur árið 1917. Það var fyrsta verkstæði sinnar tegundar á Íslandi og er starfrækt enn.

Mörg verka listamannsins eru á opinberum stöðum hér og erlendis. Má þar nefna minnismerki um Sibelius, sem er í Helsingfors, og minnismerki um Jón Arason biskup og Skúla landfógeta. Hann gerði lágmyndir í Austurstræti og á húsi Landspítalans, hvelfingar í Háskóla Íslands og Þjóðleikhúsið og steinda glugga í Bessastaðakirkju og Akureyrarkirkju, svo dæmi séu nefnd.

Það eru ekkja og börn Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, sem standa að sýningunni, sem haldin er í tilefni af því, að Guðmundur hefði orðið áttræður á þessu ári.

Nokkrar eirstungumyndir og örfáar myndir aðrar verða til sölu á sýningunni, en langflestar myndanna eru annaðhvort í eigu opinberra aðila eða einkaeign.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 16—22.



Synir Guðmundar frá Miðdal, talið frá vinstri: Ari, Einar, Egill og Yngvi. Á myndinni sjást nokkur verkanna á sýningunni.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík

Aðalfundur safnaðarins verður haldinn sunnudaginn 23. mars n.k., eftir messu kl. 3. e.h.

Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál.

Safnaðarstjórnin.


Litljósmyndir til sölu


Stærð 50x60 cm. og 30x40 cm. Innrammaðar í gyllta, fallega ramma. Myndirnar eru af: Ólafsvík, Ísafirði, Grundarfirði, Hellissandi, 3 gerðir af Borgarnesi. Get útvegað Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Stykkishólm. Tek einnig við pöntunum í litljósmynd af Þingvöllum.
Myndin var tekin við hátíðarhöldin 1974. Stærð ca. 27×58 cm.
Uppl. í síma 93-1346 kl. 12—13:30 og á kvöldin.

Vilmundur Jónsson.

Zimsen
við Suðurlandsbraut er flutt að Ármúla 42

STÆRRI VERSLUN. BETRI ÞJÓNUSTA





Þröstur Magnússon

Jes Zimsen hf

STOFNAÐ 1903

HAFNARSTRÆTI 21, ÁRMÚLA 42